

Kæru gestir

Okkur í 5., 6. og 7. bekk langar að segja ykkur frá upplifun okkar af því hvað við höfum lagt á okkur til að fá afhentan grænfánann í dag.

Það krefst mikillar vinnu að fá afhentan þennan fána og höfum við nemendur og starfsfólk Grunn- og tónskólans á Hólmavík verið dugleg að vinna að ýmsum verkefnum til að fá að flagga honum í annað sinn.

Við höfum meðal annars:

- lært að ganga vel um náttúru okkar
- flokkað sorp
- keypt umhverfisvæn hreinsiefni
- endurnýtt efni
- gróðursett tré í nágeni skólans
- borðað hafragraut á morgnanna
- tekið út óhollt nesti
- tekið þátt í ýmsum hreyfiverkefnum eins og *Göngum í skólann*, *Norræna skólahlaupinu* og *Lífshlaupinu*

Við erum stolt af því í dag að flagga þessum fána

Takk fyrir